

SAMEIGINLEGA VATNSVEITA UPPSVEITA

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR:	20160001	DAGS.:	2020-11-25
VERKHLUTI:	001	NR.:	187054
HÖFUNDUR:	Eyþór Sigurðsson	ÚTGÁFA:	1
RÝNT AF:	Þorleikur Jóhannesson		
DREIFING:	Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur		

Efni: Frumathugun stofnlagnar frá Fljótsbotnum - kostnaðaráætlun

1 Inngangur

Á fundi þann 10.11.2020 sem skipaður var fulltrúum sveitarfélaga er mynda starfshóp um sameiginlega vatnsveitu frá Fljótsbotnum í Haukadal var ákveðið að endurmeta kostnað sem lagður var fram samhliða frumhönnun frá Verkfræðipjónustu Guðjóns Sigfússonar (VGS) árin 2002, 2005 og 2006. Hönnun þessi var unnin í nokkrum áföngum og tók mið af þátttöku Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps ásamt Grímsnes- og Grafningshrepps. Flóahreppi ásamt Skeiða- og Gnúpverjahreppi er í þessu minnisblaði bætt við heildarkostnaðarmat og er notast við einingarverð úr kostnaðaráætlunum frá VGS, uppfærð með byggingarvísitölu.

Kostnaðaráætlunin sem birt er í þessu minnisblaði fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir byggir því á frumhönnun VGS, sem ekki er skoðuð né metin sérstaklega af Verkís. Kostnaðaráætlunin er unnin til þess að unnt sé að meta stærðargráðu verkefnisins í heild sinni.

2 Kostnaðaráætlun VGS

Kostnaðaráætlun sem VGS vann árið 2005 tók mið af því að lögð yrði 315mm aðveituæð samhliða núverandi aðveituæð frá Fljótsbotnum og að Austurhlíð. Frá Austurhlíð að Reykholti yrði lögð 355 mm aðveituæð og í framhaldi af henni 250 mm pípa að Laugarási með tengingu fyrir Grímsnes og Grafningshrepp. Frá Laugarási og að Sólheimavegi yrði lögð 250 mm pípa og fyrir Hrunamannahrepp 250 mm pípa að vatnsgeymi við Högnastaðaás. Þessar lagnaleiðir eru útlistaðar nánar á meðfylgjandi uppdrætti frá VGS.

Vatnsrennsli sem áætlað var af VGS fyrir hvert sveitarfélag er á pari við það sem núverandi starfshópur hefur metið sem ætlaða vatnsnotkun fyrir árið 2020. Mesta rennsli er áætlað 75 l/s og því 25 l/s fyrir hvert af þessum þremur sveitarfélögum. Í hönnun og kostnaðaráætlun frá VGS er því að óbreyttu ekki gert ráð fyrir þeim viðbótum sem núverandi starfshópur hefur áætlað til framtíðar, ásamt því að vatnsrennsli fyrir Flóahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp vantar í áætlunina.

Kostnaðaráætlun er uppfærð miðað við byggingarvísitölu frá janúar 2005 sem var 304,7 stig og eru allar upphæðir án vsk. Byggingarvísitala fyrir september 2020 er 741,4 stig. Kostnaðaráætlun VGS árið 2005 sem var 296,5 milljónir verður því 721,5 milljónir miðað við verðlag í september 2020.



3 Viðbætur við Kostnaðaráætlun VGS

Til þess að unnt sé að áætla heildarkostnað við framkvæmdina þarf að áætla kostnað við lagningu pípa frá Laugarási um Skeiða- og Gnúpverjahrepp og að Flóahreppi. Mesta vatnsrennsli er áætlað um 30-40 l/s og því er gert ráð fyrir að meðaltali 250 mm pípu alla leið að tengingu við Flóahrepp. Lengd pípunnar frá Laugarási og að tengingu við Flóahrepp er áætluð 27 km.

Árið 2005 gerði VGS ráð fyrir að 250 mm fullfrágengin pípa í jörð kostaði 4.950 kr á metra og kostnaður þá áætlaður 133,6 milljónir en 325,2 milljónir á núverandi verðlagi.

Þar sem hönnun VGS frá árinu 2005 gerir ekki ráð fyrir auknu hámarksrennsli vegna Flóahrepps sem og Skeiða- og Gnúpverjahrepps þarf að gera ráð fyrir viðbótarkostnaði og er það unnið sem hlutfallsleg aukning við aðveituæð um einn stærðarflokk, sem er um 30% hækkun. Kostnaðaráætlun VGS úr kafla 2 hækkar því úr 721,5 milljónum í 937,9 milljónir króna.

Heildarkostnaður við lagningu aðveituæðar frá Fljótsbotnum með tengingu við öll sveitarfélög sem standa að starfshópnum er því áætlaður 1.263,1 milljónir króna á verðlagi í september 2020.

4 Skipting Stofnkostnaðar

Líkt og lagt er upp með í skjölum frá VGS frá árunum 2002-2006 er lagt til að skipting stofnkostnaðar verði eftir áætlaðri vatnspörf hvers sveitarfélags fyrir sig. Á fundi starfshóps þann 17.09.2020 var skipting rædd eins og eftirfarandi tafla sýnir.

Sveitarfélag	Vatnspörf [l/s]	Hlutfall af heildarvatnspörf	Stofnkostnaður M.Isk
Bláskógabyggð	25	0,25	315,8
Flóahreppur	20	0,2	252,6
Grímsnes- og Grafningshreppur	20	0,2	252,6
Hrunamannahreppur	25	0,25	315,8
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	10	0,1	126,3
Heild	100		1263,1

Gera má ráð fyrir að framkvæmdatími geti orðið allt að 10 ár og mun stofnkostnaður dreifast á því tímabili. Skoða þarf nánar þá dreifing með ítarlegri hönnun og skiptingu framkvæmdarinnar í áfanga.